

Sþ.

49. Tillaga til þingsályktunar

[29. mál]

um skipulagningu hagrannsóknna.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til þess að gera tillögur um skipulagningu hagrannsóknna á vegum hins opinbera. Skal nefndin skipuð 5 mönnum. Eftirtaldar stofnanir skulu tilnefna sinn manninn hver til þess að taka sæti í nefndinni: Hagstofa Íslands, Landsbanki Íslands, Framkvæmdabanki Íslands og laga- og viðskiptadeild háskólans, en einn nefndarmanna skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar.

Nefndin athugi, hvernig koma megi á sem hagkvæmasti verkaskiptingu milli þeirra opinberra stofnana, er nú hafa með höndum hagrannsóknir í einhverri mynd, og geri enn fremur tillögur um það, hvernig hagkvæmast muni að leysa önnur viðfangsefni á þessu sviði, er hingað til hefur eigi verið unnt að sinna.

Greinargerð.

Þótt hagrannsóknnum sé enn svo skammt á veg komið hér á landi, að varla sé hægt að tala um meira en visi til þeirra, má þó telja tímabært, að hafizt sé handa um skipulagningu þeirra af hálfu hins opinbera. Verkefni nefndar þeirrar, er hér er lagt til að skipuð verði, væri í fyrsta lagi það að athuga, hvort koma mætti á hagkvæmari verkaskiptingu milli þeirra stofnana, er að einhverju leyti hafa slík störf með höndum nú, og í öðru lagi að gera tillögur um það, hvernig bezt verði sinnt öðrum viðfangsefnum á þessu sviði, er aðkallandi má telja, þótt eigi hafi enn verið unnt að taka þau til meðferðar.

Í nágrannalöndum vorum er miklu fé varið til hagrannsóknna, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila. Er ekki ástæða til þess að ætla annað en íslenskum atvinnuvegum og þjóðarbúskap í heild gæti einnig orðið mikið gagn að slíkum rannsóknum, ef þeim væri skynsamlega hagað og þær framkvæmdar af hæfum mönnum.

Hvað kostnað við rannsóknir þessar snertir, verðum við auðvitað að sníða okkur stakk eftir vexti, enda er megintilgangur tillögu þeirrar, er hér liggur fyrir, sá, ef samþykkt verður, að tryggja sem skynsamlegasta ráðstöfun þess fjár, er hér er til þessarar starfsemi veitt og veitt kann að verða til viðbótar, eftir því sem fært þykir að sinna nýjum viðfangsefnum.

Eðlilegt er, að nefnd sú, er hér er lagt til að skipuð sé, verði einkum skipuð fulltrúum þeirra opinberu stofnana, er hingað til hafa einkum haft slíka starfsemi með höndum og hafa því einkum hagsmuna að gæta í sambandi við afgreiðslu máls þessa, og eru þær tillögur, er hér eru gerðar um skipun nefndarinnar, við það miðaðar.